

Alþingi
Erindi nr. P 131/1448
komudagur. 20.4.2005



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2005

KG/KSG/024/05

Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um þingskjal 235, 229. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Verði frumvarpið að lögum felur það í sér að sjúkratryggingar munu greiða:

Að fullu tannlækningar, þ.m.t. tannréttingar, 18, 19 og 20 ára ungmenna sem nú greiða þá þjónustu alfarið sjálf.

Að fullu tannlækningar barna, 0-17 ára, í stað 75% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er.

Að fullu tannréttingar með lausum tækjum fyrir börn, 0-17 ára, sem nú eru ekki greiddar af sjúkratryggingum.

Að fullu tannlækningar lífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu, í stað 75% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er.

75% af gjaldskrá ráðherra fyrir tannlækningar lífeyrisþega sem ekki fá greidda tekjutryggingu, í stað 50% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er.

Almennt greiða sjúkratryggingar ekki kostnað af heilbrigðismeðferð að fullu, þótt til séu undantekningar á því. Stofnunin telur því rétt að endurgreiðsluhlutfallið verði ákveðið lægra en 100%.

Hins vegar verður að benda á að endurgreiðsluhlutfall, sem bundið er í lögum, næst aldrei fyrir alla og í sátt við alla, á meðan ekki eru í gildi samningar um fasta gjaldskrá. Þess vegna er nauðsynlegt, áður en gerðar eru breytingar eins og þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að samningar takist á milli heilbrigðisyfirvalda og tannlækna. Samningar við tannlækna hafa hins vegar ekki tekist og engar hreyfingar verið á þeim undanfarin 2-3 ár. Síðasti fundur samninganefndar heilbrigðisráðherra og Tannlæknafélags Ísland var haldinn 15. maí 2004. Eftir þann fund kváðust tannlæknar mundu óska eftir fundi þegar kröfur þeirra hefðu verið mótaðar.

Tryggingastofnun telur það spor í rétta átt að hækka endurgreiðslualdur í 20 ár og styður aukna greiðsluþátttöku fyrir börn og þá lífeyrisþega sem minnst hafa handa í milli, en bendir jafnframt á að huga beri að því að sömu reglur gildi um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og gilda um sjúkrahjálp við aðra hluta mannlíkamans.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri